



Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 24. júní 2021
Mál nr. 2021030:184

Efni: Upplýsingar um framkvæmdir aðgerða úr aðgerðaáætlun ríkisins um eflingu þjónustu á Suðurnesjum frá maí 2020.

Velferðarstofa og Sterk framlína í krafti fjölbreytileikans.

Velferðarsvið upplýsir bæjarráð hér með um framgang aðgerða sem unnar eru í víðtækri samvinnu velferðarsviðs, fræðsluviðs, þjónustu og þróunar og Súlunnar verkefnastofu. Verkefni snúa að aðgerðum tvö og þrjú í aðgerðaáætlun ríkisins um eflingu þjónustu á Suðurnesjum. Aðgerð tvö snýr að Sterkri framlínu í krafti fjölbreytileikans og aðgerð þrjú að Velferðarstofu.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er ábyrgt fyrir Sterkri framlínu í krafti fjölbreytileikans og félagsmálaráðuneytið fyrir Velferðarstofu. Reykjanesbæ hefur verið afhend ábyrgðin á báðum þessum aðgerðum og falið að útfæra framkvæmdina innan sveitarfélagsins í nánú samstarfi við aðra opinberar þjónustustofnanir á Suðurnesjum og eigendur aðgerðanna, þ.e. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum annars vegar og félagsmálaráðuneytið hins vegar. Í framhaldinu mun Reykjanesbær leiðbeina öðrum sveitarfélögum við að styrkja sína framlínu í takt við verkefnið, ef vilji verður til þess. Markmiðið er að hér náist samkomulag og samstarf á Suðurnesjum sem mögulegt verður að horfa til í öðrum landshlutum, svokallað Reykjanesmódel í velferðarþjónustu.

Hvoru verkefni fylgdu 30 m.kr., samtals 60 m.kr., sem hafa nýst Reykjanesbæ til þess að ráða verkefnastjóra fyrir verkefnið í heild og sérfræðing í framlínuþjónustuna. Fjármagnið skal nýta fyrir lok árs 2021. Umfram þetta fjármagn er möguleiki á frekara fjármagni í verkefni Velferðarstofu úr þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024.

Aðgerðirnar tvær eru nátengdar og má segja að Sterk framlína í krafti fjölbreytileikans sé grundvöllur þess að verkefni Velferðarstofu geti orðið að veruleika með skilvirkum og markvissum hætti.

Markmið verkefnanna eru:

- Lífsgæði íbúa Suðurnesja verði aukin með því að greiða aðgengi þeirra að opinberri velferðarþjónustu.
- Velliðan íbúa verði aukin með því að gera alla upplýsingagjöf um velferðartengda þjónustu aðgengilega og skilvirka.
- Stuðlað verði að auknum tækifærum íbúa til félagslegrar þátttöku og atvinnu með bættu aðgengi að þjónustu.
- Styrkja og auka þverfaglega þjónustu við íbúa á sviði félags- heilbrigðis- og menntamála hjá sveitarfélögum á Suðurnesjum.

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

reykjanesbaer.is



Framtíðarsýn verkefnanna er eftirfarandi:

- Framlína Reykjaneshæjar verði upplýsingagátt að allri opinberri velferðarþjónustu á Suðurnesjum með samstarfi við aðra opinbera þjónustuaðila.
- Öll upplýsingagjöf verði skilvirk og notendamiðuð, framsetning einföld, þjónustan mæti íbúunum þar sem þeir eru staddir hverju sinni og einföld mál leyst í fyrstu snertingu á sama staðnum.

Verkefnin hafa verið til vinnslu hjá Reykjaneshæ frá september 2020 og hefur verið lögð rík áhersla á að byggja góðan grunn að framtíðaráætlunum þeirra. Verið er að undirbúa stóran upphafsfund sem er áætlaður snemma í haust. Verkefnin verða þá formlega kynnt öðrum opinberum þjónustuaðilum á Suðurnesjum sem og íbúum og er þar gert ráð fyrir sameiginlegri viljayfirlýsingu þeirra sem starfa á opinberum vettvangi í velferðarmálum íbúa Suðurnesja til samstarfs og notendamiðrar þjónustupróunar, íbúum til heilla.


Hilma Hólmsfríður Sigurðardóttir
Verkefnastjóri fjölmeningarmála


Eydís Rós Ármannsdóttir
Verkefnastjóri Velferðarstofu